



SVAVAR GUÐNASON er frumherji í íslenskri afstraktlist og einn af brautryðjendum afstraktlistar á Norðurlöndum yfirleitt, enda nýtur hann mikils álits erlendis. Svavar er mikill koloristi og á seinni árum hefir hann náð í myndum sínum hreyfingu og spennu, sem er í ætt við sjálfa kjarnorkuna. Ef til vill er Svavar íslenzkastur allra hinna yngri málara okkar, t. d. er vorleysingin í mynd hans „LEYSING“ hreiníslenzk. — Þessi mynd Svavars kafnar ekki undir nafni.

Verð 450,00 kr. — Innrömmuð 640,00 til 680,00 kr.



ÞÓRARINN ÞORLÁKSSON lærði að vísu um tíma hjá Ásgrími Jónssyni, en hann verður þó að teljast eldri en hann, listform hans heyrandi til eldri tíma. Þórarinn málaði alla tíð aðeins í frístundum sínum, en náði þó undra- verðri leikni með pensilinn og tókum á viðfangsefnum sínum. Myndir hans eru ákaflega vandlega unnar og mjög sannar.

„HEKLA“ eftir Þórarinn Þorláksson, málaði listamaðurinn skömmu áður en hann lézt. Hann átti sumarbústað í brekkunni fyrir vestan Laugarvatnsbæinn og mun hann hafa staðið upp í brekkunni er hann málaði myndina. Myndin er talin ein af þremur beztu myndum málarans.

Verð 530,00 kr. — Innrömmuð 750,00 til 790,00 kr.

GUÐMUNDUR THORSTEINSON, „MUGGUR“, dó rúmlega þrítugur eins og Schubert og Mozart. „Muggur“ var skáld, söngvari og málari, listamaður af guðs náð. Ef hann hefði náð hærri aldri, er mjög erfitt að spá um það hvaða stefnu list hans hefði tekið, því snillgáfa hans var ótvíræð. Síðustu árin málaði hann mestmegnis myndir fyrir áhrif — beint eða óbeint — frá Heilagri ritningu, og eru tvær þeirra tvímælalaust fremstar: Sjöundi dagur í Paradís og altariстаflan, Jesús lækna blindu, sem nú er á Bessastöðum. Margir veita því athygli er skoða myndina „Sjöundi dagur í Paradís“ hve hún minnir stundum á ýmislegt eða hinn frægi ameríski teiknimyndamálari, Walt Disney, gerði áratugum síðar.

Verð 605,00 kr. — Innrömmuð 795,00 til 835,00 kr.



ÁSGRÐUR BÚADÓTTIR er ung kona, sem lærði málatalist í Kaupmanna- höfn. Nú síðustu árin hefir hún mestmegnis helgað sig vefnaði og gert fjölda verka, sem vakið hafa mikla athygli hér og erlendis. Mynd hennar, „KONA MEÐ FUGL“, var sýnd á norrænni listsýningu í München fyrir tveimur árum, þar sem til sýnis voru 5000 listmunir og listaverk, og fékk hún gullmedalíu fyrir þetta verk.

Verð 450,00 kr. — Innrömmuð 630,00 til 670,00 kr.



KRISTJÁN DAVÍÐSSON er í hópi hinna allra fremstu yngri málara okkar. Hann stundaði nám í Ameríku og víðar og náði feikna tækni og mjög persónulegri túlkun. Mynd hans, „ÁNING“, er máluð fyrir meira en áratug. Ílin síðustu árin hefir Kristján málað mest afstraktmyndir og sýnt þar mikla hugkvæmni, enda eru litir hans leiftrandi glafir og safamiklir. Á sýningu, er hann hélt í Listasafninu síðastliðið ár, seldust allar myndirnar og munu fá dæmi þess hér áður.

Verð 530,00 kr. — Innrömmuð 740,00 til 780,00 kr.

